

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/185**2017/EES/48/53**

frá 2. febrúar 2017

um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar tiltekinna ákvæða reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 9. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ⁽²⁾, einkum fyrstu málsgrein 16. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um umtalsverðar breytingar á reglum og verklagi sem stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna þurfa að fylgja. Þar eð það hefði í vissum tilvikum valdið erfiðleikum í framkvæmd ef sumum þessara reglna og verklagsreglna hefði verið beitt þegar í stað var nauðsynlegt að samþykkja umbreytingarráðstafanir.
- 2) Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júlí 2009 til Evrópuþingsins og ráðsins um reynsluna af beitingu hollustuháttareglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 ⁽³⁾ („skýrslan“) sýnir á raunsannan hátt þá reynslu sem fengist hefur, þ.m.t. þeir erfiðleikar sem upp komu, á árunum 2006, 2007 og 2008 hjá öllum aðilum sem tóku þátt í framkvæmd þessara reglugerða.
- 3) Í skýrslunni er m.a. farið yfir endurgjöf um reynsluna af umbreytingarráðstöfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 ⁽⁴⁾. Í skýrslunni er einnig bent á að upp hafi komið vandamál í tengslum við afhendingu á litlu magni af tilteknum matvælum á staðnum og þess getið að frekari skýringar séu nauðsynlegar þar sem landsbundnar reglur gilda um innflutning þegar reglur, sem mælt er fyrir á vettvangi Sambandsins, vantar og að hættuástand, sem hefur skapast vegna innfluttra matvæla sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu (samsettar afurðir), staðfesti þörf á auknu eftirliti með slíkum afurðum.
- 4) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2013 ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna umbreytingartímabils sem lýkur 31. desember 2016 til að koma megi á hnökralausri umbreytingu yfir í fulla framkvæmd nýju reglnanna og verklagsreglnanna. Lengd umbreytingartímabilsins var fastsett með hliðsjón af endurskoðun reglurammans um hollustuhætti sem kveðið er á um í reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004.
- 5) Á grundvelli upplýsinga sem var aflað í nýlegum endurskoðunum sem eftirlitsmenn stjórnarsviðs framkvæmdastjórnarinnar, að því er varðar heilbrigði og matvælaöryggi, önnuðust, upplýsinga frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum og frá þeim geirum í matvælaíðnaðinum í Sambandinu sem málið varðar er auk þess nauðsynlegt að tilteknum umbreytingarráðstöfunum, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1079/2013, sé viðhaldið meðan þess er beðið að varanlegu kröfurnar, sem tilgreindar eru í inngangsorðum þessarar reglugerðar, séu innleiddar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 29, 3.2.2017, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

(2) Stjttíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

(3) COM(2009) 403, lokagerð.

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 frá 5. desember 2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjttíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83).

(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2013 frá 31. október 2013 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjttíð. ESB L 292, 1.11.2013, bls. 10).

- 6) Bein afhending framleiðanda á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum, sem er slátrað á býlinu, til lokaneytenda eða smásölufyrirtækja á staðnum sem afhenda slíkt kjöt beint til lokaneytenda sem nýtt kjöt er undanþegin gildissviði beitingar reglugerðar (EB) nr. 853/2004. Takmörkun þessa ákvæðis við nýtt kjöt myndi leggja auknar byrðar á smáframleiðendur. Þar af leiðandi er í reglugerð (ESB) nr. 1079/2013 kveðið á um undanþágu frá beitingu reglugerðar (EB) nr. 853/2004 varðandi beina afhendingu á slíkum vörum með vissum skilyrðum, án þess að takmarka hana við nýtt kjöt. Viðhalda ætti þeirri undanþágu á frekari umbreytingartímabili, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, meðan möguleikinn á varanlegri undanþágu er í athugun.
- 7) Í reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um tilteknar reglur varðandi innflutning til Sambandsins á afurðum úr dýraríkinu og samsettum afurðum. Í reglugerð (ESB) nr. 1079/2013 er kveðið á um umbreytingarráðstafanir sem víkja frá sumum þessara reglna vegna tiltekinna samsettra afurða hafi ekki enn verið mælt fyrir um lýðheilsuskilyrði á vettvangi Sambandsins fyrir innflutningi þeirra inn til Sambandsins, t.d. fyrir samsettar afurðir aðrar en þær sem um getur í 1. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 28/2012 ⁽¹⁾.
- 8) Sem stendur er stutt í að tillaga framkvæmdastjórnarinnar um reglugerð um opinbert eftirlit í matvælaferlinu í landbúnaðargeiranum verði samþykkt í almennri lagasetningarmeðferð. Um leið og sú reglugerð er samþykkt og hefur öðlast gildi mun hún mynda lagagrundvöll fyrir áhættaaðlagða nálgun að eftirliti með samsettum afurðum við innflutning. Nauðsynlegt er að kveða á um undanþágur á frekara fjögurra ára umbreytingartímabili þangað til búist er við að nýja reglugerðin komi til framkvæmda.
- 9) Með reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 er leyfður innflutningur á matvælum úr dýraríkinu frá starfsstöðvum sem meðhöndla afurðir úr dýraríkinu, sem engar sértækar kröfur eru settar fram fyrir í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, nema samræmd skrá yfir heimilud lönd utan ESB hafi verið tekin saman og mælt hafi verið fyrir um sameiginlega fyrirmynd að innflutningsvottorði. Með tilliti til hugsanlegra áhrifa á innflutning á slíkum matvælum af því að taka saman slíka skrá og mæla fyrir um fyrirmynd að innflutningsvottorði er þörf á meiri tíma til að hafa samráð við hagsmunaaðila og lögbær yfirvöld í aðildarríkjum og löndum utan ESB.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar tiltekinna ákvæða í reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 á umbreytingartímabili sem stendur frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2020.

2. gr.

Undanþága varðandi beina afhendingu á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum

Þrátt fyrir d-lið 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 skulu ákvæðin, sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, ekki gilda um beina afhendingu framleiðanda á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum, sem er slátrað á býlinu, til lokaneytenda eða smásölufyrirtækja á staðnum sem afhenda beint til lokaneytenda.

3. gr.

Undanþága varðandi lýðheilsukröfur vegna innflutnings á afurðum úr dýraríkinu og matvælum sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu

1. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 gilda ekki við innflutning á afurðum úr dýraríkinu hafi samræmdar lýðheilsukröfur vegna innflutnings á þeim ekki verið ákveðnar.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 28/2012 frá 11. janúar 2012 um kröfur vegna útgáfu vottorða vegna innflutnings á tilteknum samsettum afurðum til Sambandsins og umflutnings þeirra gegnum það og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB og reglugerð (EB) nr. 1162/2009 (Stjttð. ESB L 12, 14.1.2012, bls. 1).

Innflutningur á slíkum afurðum skal uppfylla lýðheilsukröfur innflutningsaðildarríkisins vegna innflutnings.

2. Þrátt fyrir 6. gr. (4. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 853/2004 skulu stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja inn matvæli sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu, aðrar en þær sem um getur í 3. gr. (1. og 3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 28/2012, vera undanþegnir þeim kröfum sem um getur í 6. gr. (4. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 853/2004.

Innflutningur á slíkum afurðum skal uppfylla lýðheilsukröfur innflutningsaðildarríkisins vegna innflutnings.

4. gr.

Undanþága varðandi málsmeðferðarreglur vegna lýðheilsu varðandi innflutning á afurðum úr dýraríkinu

Ákvæði III. kafla reglugerðar (EB) nr. 854/2004 gilda ekki við innflutning á afurðum úr dýraríkinu hafi samræmdar lýðheilsukröfur vegna innflutnings á þeim ekki verið ákveðnar.

Innflutningur á slíkum afurðum skal uppfylla lýðheilsukröfur innflutningsaðildarríkisins vegna innflutnings.

5. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
